

Skólaráðsfundur

2.mars 2021

Viðstaddir: Erna skólastjóri, Anna María aðstoðarskólastjóri, Auður og Ragnheiður fulltrúar kennara og Guðbjörn fulltrúi starfsfólks, Anna María Karlsdóttir, Sigrún Antons og Ingólfur fulltrúar foreldra, Freyja Rán og Hekla Nadía fulltrúar nemenda.

Ytra og innra mat.

Hefur verið kynnt fyrir starfsmönnum, foreldrum hefur verið sendur póstur og upplýsingar settar á heimasíðu. Skólastjóri kynnir niðurstöður ytra mats í stuttu máli, bæði styrkleikum og tækifærum til úrbóta. Meðal þess sem kom fram í tækifærum til úrbóta er að skólaráð þarf að setja sér vinnuáætlun og haldi opinn fund fyrir alla haghafa, verður skoðað fyrir næsta ár.

Fulltrúi foreldra nefnir að veikir punktar séu upplýsingagjöf til foreldra og að virkja þá til samstarfs, spyr hvernig best sé að vinna að úrbótum. Skv. skólastjóra er nefnd starfandi meðal foreldra sem ekki hefur getað starfað en stefnt sé að því að skoða það. Erfitt að fá fólk á aðalfund foreldrafélags. Fulltrúi foreldra nefnir að hægt væri að prófa rafrænan fund.

Fulltrúi foreldra spyr hvort ekki eigi að vera aðili frá stjórn foreldrafélags í skólaráði. Skólastjóri segir að svo hafi ekki verið en það megi ræða við stjórn og kanna málið. Fulltrúi kennara bendir á að lög gildi um skólaráð og það þurfi að skoða þau. Skv. skólastjóra er ekki kveðið á um að foreldrar í skólaráði séu úr stjórn foreldrafélags.

Fulltrúi foreldra spyr hvað við getum lært af ytra mati annarra skóla, hvað kemur vel út annars staðar sem hægt er að læra af. Hann bendir einnig á erfiðleika við að fá foreldra inn til samstarfs. Vont að til dæmis hafi aðeins eitt foreldri mætt á rýnifund ytra mats. Allir sammála um að leita leiða til þess að efla foreldrasamstarf.

Skólastefna Garðabæjar.

Skólastefnan er í endurskoðun og verður það næsta árið. Haghafar verða kallaðir að borðinu til þess.

Leiðarljós – gildi skólans.

Gamla leiðarljósið féll ekki undir að vera gildi, verið að vinna að breytingu. Viljum halda „allir eru einstakir“ en viljum breyta vinátta, vísindi og listir í ábyrgð, samvinna og virðing. Þarf að vinna áfram með þetta m.a. með nemendum og foreldrum og hvað fellur undir þessi gildi.

Fulltrúi foreldra spyr hvernig þessi gildi verða nýtt í skólastarfið. Skv. skólastjóra verður unnið með skilgreiningu á hugtökunum. Fulltrúi foreldra bendir á að taka þurfi lengra svo að þetta verði raunveruleg gildi skólans. Gildin þurfi að vera tæki til að vinna eftir. Annar fulltrúi foreldra bendir á að kynna þurfi gildi fyrir nemendum. Fulltrúi kennara bendir að verkferlar þurfi að vera til staðar svo hægt sé að vinna skv. gildunum.

Fulltrúi foreldra spyr hvort allir nemendur hafi fengið tækifæri um gildin að segja, skólastjóri svarar að þetta sé enn í vinnslu.

Heimasíða.

Í bígerð hjá Garðabæ að fara yfir heimasíður allra grunnskóla og endurmeta hvort við viljum breytingar. Sérfræðingur á vegum Garðabæjar skoðar síðurnar. Skólastjóri veltir upp að eðlilegt væri að foreldrar kæmu að þessari vinnu þar sem þeir eru helstu notendur heimasíðunnar.

Fulltrúi foreldra bendir á mikilvægi þess að það sé dagatal á forsíðunni sem er gott en hins vegar skorti alveg tengingu við Google classroom inn á heimasíðuna. Heimasíðan á að vera bein leið inn í allt sem fólk þarf að nota, hagnýtir slóðir flipi. Nefnir t.d. tapað fundið flipann.

Annar fulltrúi foreldra bendir á að Mentor sé slæmt en þó fylgi því app sem er annað en með Innu. Það þarf að nútímavæða allt netumhverfi sem fylgir skólunum.

Fulltrúi foreldra óskar eftir því að fá upplýsingar um hvaða sérfræðingur það er sem mun koma að heimasíðunni.

Skóladagatal.

Aðstoðarskólastjóri kynnir skóladagatal næsta árs sem fer í kynningu inn í Garðabæ á fimmtudag. Fulltrúi kennara bendir á að það vanti dag í nóvember og bendir á að það væri gott að hafa starfsdag í nóvember. Aðstoðarskólastjóri bendir á að við verðum að fylgja leikskólanum. Fulltrúi foreldra bendir á að það sé mjög óheppilegt gagnvart foreldrum og pirri marga að það séu nýliðnir 6 skipulagsdagar og skólinn nýhafinn þegar kemur skipulagsdagur í september.

Fulltrúi foreldra spyr einnig hvort það sé ástæða fyrir að skipulagsdagar séu ekki á mánudegi en frekar t.d. á þriðjudegi. Aðstoðarskólastjóri svara að reynt sé að dreifa skipulagsdögum yfir vikuna svo nemendur missi ekki alltaf af sömu tímum. Fulltrúi foreldra spyr einnig hvort dagurinn 11. janúar nýtist ekki illa. Fulltrúi kennara tekur undir þetta sem kennari og bendir á að 18. janúar væri heppilegri þar sem skólastarf er komið í meira jafnvægi. Þessu verður komið til skila til skólanefndar.

Fulltrúi kennara óskar eftir að fá lengri fyrirvara næst þegar fundur verður boðaður og að fundargerð verði send til samþykktar.

Fundi slitið kl. 9:20